

KJARASAMNINGUR

SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

F.H. ÞEIRRA SVEITARFÉLAGA OG
ANNARRA AÐILA SEM ÞAÐ HEFUR
SAMNINGSUMBOÐ FYRIR

og

EFLINGAR STÉTTARFÉLAGS

GILDISTÍMI:

1. APRÍL 2023 til 31. MARS 2024

EFNISYFIRLIT

1. KAFLI: KAUP	3
1.1 FÖST MÁNAÐARLAUN	3
1.7 PERSÓNUUPPBÓT.....	4
4. KAFLI: ORLOF	4
4.3 ORLOFSÁRIÐ.....	4
15. KAFLI: GILDISTÍMI, GILDISSVIÐ OG SAMNINGSFORSENDUR	5
15.1 GILDISTÍMI.....	5
15.2 ATKVÆÐAGREIÐSLA	5
FYLGISKJÖL OG VIÐAUKAR	6
FYLGISKJAL 1: LAUNATÖFLUR OG TENGITAFLA VIÐ STARFSMAT.....	6
FYLGISKJAL 6: SÉRSTAKAR GREIÐSLUR LÆGSTU LAUNA.....	9
FYLGISKJAL 7: SAMKOMULAG UM BREYTINGAR Á FYLGISKJALI 3	10
FYLGISKJAL 8: YFIRLÝSING OG VERKÁÆTLUN	12

INNGANGUR

Kjarasamningar aðila, ásamt bókunum og fylgiskjölum, framlengist frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024 með þeim breytingum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

Niðurstaða samningsaðila um að gera samning til tólf mánaða felur í sér að viðræðum um önnur atriði en launalið, breytingu á fylgiskjali 3 og skýringarákvæði við grein nr. 4.3.1 um fyrningu orlofs er frestað.

Aðilar eru sammála um að taka upp viðræður um önnur atriði samkvæmt verkáætlun í fylgiskjali 4. Sem hluta af verkáætlun þessari eru aðilar sammála um að framlengja fylgiskjali 2 um betri vinnutíma í dagvinnu og breyttu fylgiskjali 3 um betri vinnutíma í vaktavinnu út gildistíma kjarasamninga aðila þ.e. til 31. mars 2024.

1. KAFLI: KAUP

Grein 1.1.1 breytist og hljóði svo:

1.1 FÖST MÁNAÐARLAUN

1.1.1 Mánaðarlaun þeirra sem gegna fullu starfi, skulu greidd samkvæmt eftirfarandi launatöflu, sjá nánar í fylgiskjali 1:

Launatafla 1: Gildir frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024.

Útgefin launatafla hverju sinni nær yfir alla launaflokka sem miðað er við í kjarasamningi þessum. Við launaflokk leggst einstaklingsbundið persónuálag í samræmi við viðeigandi ákvæði í 10. kafla samnings þessa og myndar þannig dagvinnulaun viðkomandi starfsmanns.

Undir almenn ákvæði þessa kjarasamnings heyra allir þeir starfsmenn sem verða 16 ára á almanaksárinu og eldri, sem sinna skilgreindum störfum skv. starfsmati sveitarfélaga og fá laun sem starfinu fylgja. Sjá þó gr. 1.4.2 og 1.4.3.

Með launatöflu 1 hefur hagvaxtarauka, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023 skv. gr. 15.1.1 og viðauka 2 með áðurgildandi kjarasamningi aðila, verið að fullu efndur. Jafnframt eru samningsaðilar sammála um að með þessari hækkun launatöflu 1 komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningi 2019 til 2023.

Upphæðir persónuuppbótar breytast. Grein 1.7 hljóði svo:

1.7 PERSÓNUUPPBÓT

1.7.1 Starfsmaður í 100% starfshlutfalli fær greidda persónuuppbót 1. maí og 1. desember ár hvert. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma síðustu 12 mánuði fyrir greiðsludag. Hafi starfsmaður gengt hlutastarfi eða starfað hluta úr ári, skal hann fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Hafi starfsmaður látið af störfum á árinu vegna aldurs skal hann fá greidda persónuuppbót hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Sama hlutfallsregla gildir ef starfsmaður var frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur eða vegna fæðingarorlofs sbr. 8. gr. laga nr. 95/2000. Sjá einnig gr. 11.1.8.

Persónuuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum samningsins. Á persónuuppbót reiknast ekki orlofslaun.

Áunnin persónuuppbót skal gerð upp við starfslok starfsmanns.

Persónuuppbót miðað við 100% starfshlutfall á samningstímanum verður sem hér segir:

1. maí 2023	kr. 55.700
1. desember 2023	kr. 131.000

4. KAFLI: ORLOF

Skýringarkassi við grein 4.3.1 breytist og hljóði svo:

4.3 ORLOFSÁRIÐ

4.3.1 Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl. Töku áunnins orlofs skal alltaf lokið fyrir lok orlofsársins, sjá þó gr. 4.6.1, 4.6.2 og 4.6.3.

Samkvæmt orlofslögum nr. 30/1987 er framsal orlofslauna og flutningur þeirra milli orlofsára óheimill.

Samkvæmt 5. gr. laga um orlof nr. 30/1987 ber vinnuveitandi ábyrgð á að skipuleggja orlofstöku starfsfólks síns að teknu tilliti til óska þess eins og unnt er vegna starfseminnar.

Í þeim tilfellum sem starfsfólki hefur ekki verið gert kleift að taka uppsafnað orlof samkvæmt skýringartexta við gr. 4.3.1, verði þeim aðstæðum mætt af hálfu vinnuveitenda með gerð skriflegs samkomulags við viðkomandi starfsfólk um hvernig töku uppsafnaðs orlofs verði lokið. Gerð samkomulags skal lokið eigi síðar en 15. júní 2023.

Náist slíkt samkomulag ekki, skal vinnuveitandi tilkynna starfsmanni eigi síðar en 1. júlí 2023 hvernig orlofstöku skuli háttáð þannig að tryggt verði að starfsmaður nái að ljúka töku uppsafnaðs orlofs.

15. KAFLI: GILDISTÍMI, GILDISSVIÐ OG SAMNINGSFORSENDUR

15.1 GILDISTÍMI

- 15.1.1 Samningur þessi kemur í stað áður gildandi kjarasamnings og gildir frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024, en samningurinn fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

15.2 ATKVÆÐAGREIÐSLA

- 15.2.1 Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til afgreiðslu fyrir 9. júní 2023. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 13:00 þann 9. júní 2023 skoðast samningurinn samþykktur.

Reykjavík, 17. maí 2023

F.h. Sambandi íslenskra sveitarfélaga
með fyrirvara um samþykki stjórnar.

F.h. Eflingar, stéttarfélags
með fyrirvara um samþykki
félagsmanna.

FYLGISKJÖL OG VIÐAUKAR

FYLGISKJAL 1: LAUNATÖFLUR OG TENGITAFLA VIÐ STARFSMAT

Mánaðarlaun þeirra sem gegna fullu starfi, skulu greidd samkvæmt eftirtöldum launatöflum:

Launatafla 1: Gildir frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024.

EFLING STÉTTARFÉLAG									
LAUNATAFLA 1									
Gildir frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024									
Launaflokkur	Grunnlaun	Persónu- álag 2%	Persónu- álag 4%	Persónu- álag 6%	Persónu- álag 8%	Persónu- álag 10%	Persónu- álag 12%	Persónu- álag 14%	Persónu- álag 16%
117	432.545	441.196	449.847	458.498	467.149	475.800	484.450	493.101	501.752
118	436.101	444.823	453.545	462.267	470.989	479.711	488.433	497.155	505.877
119	439.695	448.489	457.283	466.077	474.871	483.665	492.458	501.252	510.046
120	443.329	452.196	461.062	469.929	478.795	487.662	496.528	505.395	514.262
121	447.002	455.942	464.882	473.822	482.762	491.702	500.642	509.582	518.522
122	450.717	459.731	468.746	477.760	486.774	495.789	504.803	513.817	522.832
123	454.472	463.561	472.651	481.740	490.830	499.919	509.009	518.098	527.188
124	458.270	467.435	476.601	485.766	494.932	504.097	513.262	522.428	531.593
125	462.108	471.350	480.592	489.834	499.077	508.319	517.561	526.803	536.045
126	465.988	475.308	484.628	493.947	503.267	512.587	521.907	531.226	540.546
127	469.910	479.308	488.706	498.105	507.503	516.901	526.299	535.697	545.096
128	473.876	483.354	492.831	502.309	511.786	521.264	530.741	540.219	549.696
129	477.887	487.445	497.002	506.560	516.118	525.676	535.233	544.791	554.349
130	481.941	491.580	501.219	510.857	520.496	530.135	539.773	549.413	559.052
131	486.039	495.760	505.481	515.201	524.922	534.643	544.364	554.084	563.805
132	490.183	499.987	509.790	519.594	529.398	539.201	549.005	558.809	568.612
133	494.372	504.259	514.147	524.034	533.922	543.809	553.697	563.584	573.472
134	498.607	508.579	518.551	528.523	538.496	548.468	558.440	568.412	578.384
135	502.890	512.948	523.006	533.063	543.121	553.179	563.237	573.295	583.352
136	507.219	517.363	527.508	537.652	547.797	557.941	568.085	578.230	588.374
137	511.595	521.827	532.059	542.291	552.523	562.755	572.986	583.218	593.450
138	516.020	526.340	536.661	546.981	557.302	567.622	577.942	588.263	598.583
139	520.494	530.904	541.314	551.724	562.134	572.543	582.953	593.363	603.773
140	525.015	535.515	546.016	556.516	567.016	577.517	588.017	598.517	609.017
141	529.587	540.179	550.770	561.362	571.954	582.546	593.137	603.729	614.321
142	534.210	544.894	555.578	566.263	576.947	587.631	598.315	608.999	619.684
143	538.884	549.662	560.439	571.217	581.995	592.772	603.550	614.328	625.105
144	543.609	554.481	565.353	576.226	587.098	597.970	608.842	619.714	630.586
145	548.386	559.354	570.321	581.289	592.257	603.225	614.192	625.160	636.128
146	553.215	564.279	575.344	586.408	597.472	608.537	619.601	630.665	641.729
147	558.098	569.260	580.422	591.584	602.746	613.908	625.070	636.232	647.394
148	563.034	574.295	585.555	596.816	608.077	619.337	630.598	641.859	653.119
149	568.025	579.386	590.746	602.107	613.467	624.828	636.188	647.549	658.909

EFLING STÉTTARFÉLAG									
LAUNATAFLA 1									
Gildir frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024									
Launaflokkur	Grunnlaun	Persónu- álag 2%	Persónu- álag 4%	Persónu- álag 6%	Persónu- álag 8%	Persónu- álag 10%	Persónu- álag 12%	Persónu- álag 14%	Persónu- álag 16%
150	573.069	584.530	595.992	607.453	618.915	630.376	641.837	653.299	664.760
151	578.172	589.735	601.299	612.862	624.426	635.989	647.553	659.116	670.680
152	583.328	594.995	606.661	618.328	629.994	641.661	653.327	664.994	676.660
153	588.541	600.312	612.083	623.853	635.624	647.395	659.166	670.937	682.708
154	593.813	605.689	617.566	629.442	641.318	653.194	665.071	676.947	688.823
155	599.142	611.125	623.108	635.091	647.073	659.056	671.039	683.022	695.005
156	604.531	616.622	628.712	640.803	652.893	664.984	677.075	689.165	701.256
157	609.977	622.177	634.376	646.576	658.775	670.975	683.174	695.374	707.573
158	615.484	627.794	640.103	652.413	664.723	677.032	689.342	701.652	713.961
159	621.052	633.473	645.894	658.315	670.736	683.157	695.578	707.999	720.420
160	626.682	639.216	651.749	664.283	676.817	689.350	701.884	714.417	726.951

TENGITAFLA VIÐ STARFSMAT		
Gildir frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024		
Launaflokkur	Neðri mörk	Efri mörk
117	265	274
118	275	284
119	285	294
120	295	304
121	305	314
122	315	324
123	325	334
124	335	344
125	345	354
126	355	363
127	364	372
128	373	381
129	382	390
130	391	399
131	400	408
132	409	417
133	418	426
134	427	433
135	434	440
136	441	447
137	448	454
138	455	461
139	462	468
140	469	475
141	476	482
142	483	489
143	490	496
144	497	503
145	504	510
146	511	517
147	518	524
148	525	531
149	532	538
150	539	545
151	546	552
152	553	559
153	560	566
154	567	573
155	574	580
156	581	587
157	588	594
158	595	601
159	602	608
160	609	615

FYLGISKJAL 6: SÉRSTAKAR GREIÐSLUR LÆGSTU LAUNA**Samkomulag um sérstakar greiðslur lægstu launa**

Samkomulag Sambands íslenskra sveitarfélaga og Eflingar, stéttarfélags um sérstakar greiðslur sem gilda frá 1. apríl 2023.

Aðilar eru sammála um eftirfarandi sérstakar greiðslur til hækkunnar lægstu launa. Yfirlit yfir fjárhæðir er á starfsmatsstigabilum og verður eftirfarandi frá 1. apríl 2023.

SÉRSTAKAR GREIÐSLUR LÆGSTU LAUNA			
Gildir frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024			
Starf með starfsmatsstig frá	Starfsmatsstig til	Launaflokkar	Sérstök greiðsla á mánuði verður:
265	274	117	19,500
275	284	118	19,500
285	294	119	19,500
295	304	120	19,500
305	314	121	19,500
315	324	122	19,500
325	334	123	19,500
335	344	124	19,500
345	354	125	17,750
355	363	126	15,600
364	372	127	11,700
373	381	128	9,750
382	390	129	5,850
391	399	130	2,600

Greiðslan er föst fjárhæð miðað við starfshlutfall, óháð einstaklingsbundnum launamyndunarþáttum, og tekur ekki hækkunum á samningstímanum. Orlofslaun teljast innifalin í ofangreindum fjárhæðum. Greiðslur skv. ofangreindu falla niður í lok samningstímans, þann 31. mars 2024, án frekari fyrirvara, en þó þannig að greiðslur haldast í samræmi við framkvæmd þar til gengið hefur verið frá nýjum kjarasamningi milli aðila.

Fái starf endurmat/endurskoðun til hærri stigaröðunar og/eða ef breyting verður á starfsheitum/ráðningarkjörum starfsfólks á ofangreindum stigabilum, þannig að launaröðun taki mið af hærri stigaröðun, tekur greiðsla breytingum í samræmi við breytt stigabil. Ná stigaröðun starfs hærri stigaröðun en 399 starfsmatsstigum falla greiðslur skv. ofangreindu niður.

FYLGISKJAL 7: SAMKOMULAG UM BREYTINGAR Á FYLGISKJALI 3**Samkomulag um breytingar á fylgiskjali 3 í kjarasamningum aðila 2019 til 2023**

Vaktavinnuhópur 2023 sammælist um að leggja til við samningsaðila að gera eftirfarandi breytingar á greinum 1.6.1., 1.6.2. og 2.6.10. í fylgiskjali 2 (fylgiskjali 3 hjá sveitarfélögum).

VAKTAÁLAG

Vaktaálagi verði breytt þannig að á þeim tímum sem er greitt 90% álag verði greitt 120% álag og á þeim tímum sem er greitt 120% álag verði greitt 165% álag. Greinar 1.6.1. og 1.6.2. verði:

1.6 ÁLAGSGREIÐSLUR - VAKTAÁLAG

1.6.1 Vaktaálag reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1. Vaktaálag skal vera:

- 33,33% kl. 17:00 - 24:00 mánudaga til fimmtudaga
- 55,00% kl. 17:00 - 24:00 föstudaga
- 65,00% kl. 00:00 - 08:00 þriðjudaga til föstudaga
- 55,00% kl. 08:00 - 24:00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga
- 75,00% kl. 00:00 - 08:00 laugardaga, sunnudaga, mánudaga og sérstaka frídaga
- 120,00% kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3, þó þannig að frá kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársgdag og kl. 00:00 – 08:00 á jóladag og nýársdag er 165,00% álag.

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega.

1.6.2 Greiðsla fyrir bakvaktir skal reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1 með eftirtöldum hætti:

- 33,33% kl. 17:00 - 24:00 mánudaga til fimmtudaga
- 45,00% kl. 17:00 - 24:00 föstudaga
- 45,00% kl. 00:00 - 08:00 mánudaga
- 33,33% kl. 00:00 - 08:00 þriðjudaga til föstudaga
- 45,00% kl. 00:00 - 24:00 laugard., sunnud. og sérstaka frídaga
- 120,00% kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3, þó þannig að frá kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársgdag og kl. 00:00 – 08:00 á jóladag og nýársdag er 165,00% álag.

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega. Um greiðslur fyrir útköll á bakvakt gilda gr. 2.3.3.1 og 2.3.3.2.

VAKTAHVATI

Vaktahvata verði breytt til að tryggja jafnari vaktahvata til handa þeim hópi sem er með mestan fjölda og fjölbreytileika vakta á hverju launatímabili. Taflan í grein 2.6.10 verði:

2.6.10 Vaktahvati

Hlutfall vaktahvata miðist við eftirfarandi töflu:

Fjöldi vakta	Tegundir vakta			
	1	2	3	4
19		10,0%	12,5%	12,5%
18		7,5%	10,0%	12,5%
17		7,5%	10,0%	12,5%
16		2,5%	7,5%	12,5%
15		2,5%	2,5%	10,0%
14			2,5%	7,5%

FYLGISKJAL 8: YFIRLÝSING OG VERKÁÆTLUN

Yfirlýsing og verkáætlun samningsaðila á gildistíma kjarasamninga 2023 til 2024

Með samkomulagi um framlengingu á kjarasamningi er viðræðum um önnur atriði en launalið aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Málefni	Vinna hefst	Vinnu lýkur
Betri vinnutími í dagvinnu / framlenging á fylgiskjali með áherslu á umbætur og eftirfylgni til að ná betur fram gagnkvæmum ávinningi. Settur verður á laggirnar vinnuhópur þvert á opinbera launagreiðendur og bandalög/stéttarfélag líkt og er vegna betri vinnutíma í vaktavinnu. Tryggt verður að fulltrúar Eflingar eigi sæti í hópnum.	25. maí 2023	31. janúar 2024
Betri vinnutími í vaktavinnu / framlenging á fylgiskjali með áherslu á umbætur og eftirfylgni til að ná betur fram gagnkvæmum ávinningi. Vettvangur stýrihóps heldur áfram. Tryggt verði að fulltrúi Eflingar eigi sæti í hópnum.	25. maí 2023	31. janúar 2024
Endurskoðun veikindakafla / framlenging á bókun 2. Tryggt verði að fulltrúi Eflingar taki þátt í endurskoðun.	25. maí 2023	31. október 2023
Bakvaktir/skoðun á fyrirkomulagi bakvakta	25. maí 2023	31. janúar 2024
Ráðning í tímavinnu / Aðilar eru ásáttir um að fara sameiginlega yfir fyrirkomulag ráðninga í tímavinnu.	25. maí 2023	31. ágúst 2023

Ofangreind mál eru á borði heildarsamtaka og launagreiðenda. Eftirfarandi mál verða til umræðu milli aðila í aðdraganda næstu kjarasamninga:

Málefni	Vinna hefst	Vinnu lýkur
Málefni 1 Vinnudreifing yfir skólaárið hjá skólaliðum.	25. maí 2023	31. október 2023.

Aðilar áskilja sér rétt til að taka fleiri mál til umræðu í aðdraganda næstu kjarasamninga.

Þann 31. október 2023 skulu samningsmarkmið aðila liggja fyrir. Eigi síðar en 15. nóvember skulu viðræður hefjast og munu aðilar þá gera áætlun um framgang viðræðna ásamt tímasettum markmiðum.